

Góðkynja ójöfnuður



Helgi Tómasson
*prófessor í tölfraði og
 hagrannsóknnum*

Óvönduð meðferð talnaefnis fær fólk til að hrapa að kolröngum ályktunum. Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, A. Deaton, orðaði þetta svo, lauslega þýtt:

„Ef við skiljum ekki hvernig tölur verða til, og hvað þær þýða, er hett við að við sköpum ímynduð vandamál og fyllumst tilefnislausrar reiði yfir þeim, en í staðinn yfirsést okkur brýnar þarfir og raunveruleg vandamál og mörkum stefnur sem byggðar eru á fullkomnum misskilningi.“

Dæmi um framangreint eru umræður um tekjudreifingar og notkun hugtaksins ójöfnuður. Ójöfnuður hefur neikvæðan blæ og enginn vill vera kallaður ójafnaðar- maður. Sem tölfraðikennari nota ég hugtakið dreifing til að lýsa því að ekki eru allir eins. Í fræðilegri tölfraði eru notuð ýmis hugtök til að kvarða dreifingar og bera þær saman. Ein niðurstaða Deatons er að ójöfnuður geti bæði verið æskilegur og óæskilegur. Á framfaraskiðum liggur það í hlutarins eðli að einhverjir njóta framfaranna á undan öðrum, og störf og starfsemi í efnahagslífinu eru misverðmæt og umbun í samræmi við það.

Bábiljur um tekjudreifingar

Í pólitískri umræðu er því oft haldið fram að þróun tekju- eða eignadreifingar stefni í ranga átt og það jafnvel fyrir tilstuðlan illa þenkjandi manna (sjá t.d. Fréttablaðið 4.10.2017). Í Fréttablaðinu 4.10 er sagt frá því að skatttekjur vegna lægri hópa hafi vaxið. Sennileg skýring er að efnahagsástandið hafi batnað og arðsöm vinna sé nú útbreiddari. Sumir snúa út úr þessu og segja að verið sé að auka svíns- lega framkomu gagnvart lítills megandi. Umræða af þessu tagi einskorðast ekki við Ísland, þvert á móti endurspeglar hún fremur alþjóðlega umræðu en inn- lendan veruleika. Tanner (2016) tekur dæmi af fimm bábiljum um ójöfnuð í bandarísku hagkerfi. Þessar bábiljur geta allar átt við Ísland og fleiri lönd. Sú fyrsta er að ójöfnuður hafi aldrei verið meiri. Einföld greining á gögnum um þróun síðustu ártatuga leiðir í ljós að þetta er rangt. Önnur bábiljan er að þeir auðugu

hafi ekki unnið fyrir auði sínum. Lausleg skoðun á samsetningu tekju- og eign- hæstu einstaklinganna í Bandaríkjunum leiðir í ljós að flestir hafa unnið sig upp með störfum sínum eða keypt eignir ungir sem hækkað hafi mikið í verði. Sú þriðja er að hinir ríku verði alltaf ríkir og hinir fátæku verði alltaf fátækir. Athuganir á bandarískum gögnum sýnir að fjölmargir tekjuhárar voru á yngri árum tekjulágir. Sú fjórða er að aukinn ójöfnuður (aukin eignadreifing) feli í sér að fleiri séu fátækir. Enga stoð er að finna fyrir því að þeir sem auðgista geri það á kostnað þeirra tekju- eða eignaminni. Sú fimmta, og sú nýjasta, er að ójöfnuður hafi áhrif á pólitísku stefnumörkun. Tanner telur ekkert benda til þess að auðugt fólk hafi myndað pólitíska samstöðu.

Hreyfanleiki tekna á æviskeiðinu

Sowell (2000) rekur nokkrar villur sem koma reglulega upp í umræðu um tekju- og eignadreifingar. Dæmigerð staðhæfing er að þeir ríku verði áfram ríkir og þeir fátæku haldi áfram að vera fátækir. Þetta er alrangt og því til sönnunar er að í hópi þeirra 20% tekjulægstu árið 1975 var mikill meirihluti kominn í hóp þeirra 20% tekjuhæstu 20 árum síðar. Flestir þeirra sem teljast hátekjufólk eða ríkir séu venjulegt millistettar fólk sem hafi átt farsælan feril. Eðlilega haldi hluti einstaklinganna áfram að tilheyra tekjulægstu 20% en það séu einungis 1% Bandaríkjamanna. Þeir sem hrópa úlfur-úlfur vegna tekju- og eignadreifinga séu ekki að tala um fólk af holdi og blóði, heldur tíundar- mörk (kvantíla) í dreifingum, eins og til dæmis 10% eða 20% tekjulægstu. Þetta eru ekki alltaf sömu einstaklingarnir. Hann varar einnig við að nota hugtakið heimili (household) því heimilismönnum hafi farið fækkandi með tímanum og eins manns heimili séu algeng meðal lágtekju- fólks. Hann nefnir að árið 1995 hafi 39 milljónir manna verið á 20% tekjulægstu heimilunum og 64 milljónir á 20% tekju- hæstu heimilunum. Hann áréttar einnig að meðal þeirra tekjulægstu sé fólk sem er að hefja sinn starfsferil og það fólk muni afla meiri tekna síðar á ævinni. Það á ekki að koma neinum á óvart að fólk um sextugt hafi meiri tekjur og eigi meiri eignir en fólk um þritugt. Vissulega fæðist sumir inn í ríkídæmi og séu ríkir alla ævi, en hlutfall þeirra af heildinni sé í mesta lagi eins stafs prósentutala.

Margar skýrslur staðfesta greiningu Sowels. Til dæmis segir í skýrslu bandarísku fjármálaráðuneytisins frá árinu 2007 að einungis fjórðungur þeirra sem var í tekjuhæstu prósentunni árið 1996 hafi verið þar enn árið 2005. Í heild hafi kaupmáttur tekna þessa hóps rýrnað á 10 ára tímabili. Þetta er jafneðlileg útkoma og í einstaklingsípróttum þar sem leið sigurvegarans liggur fyrir eða síðar niður á við. Kaupmáttur miðtölu allra Bandaríkjamanna jókst um 24% á þessu 10 ára tímabili og kaupmáttur lægstu hópanna jókst mest. Það á sér einnig hliðstæðu í ípróttunum. Leiðin liggur upp á við hjá flestum sem lenda á botninum.

Í greiningu Rank og Hirschl (2015) kemur fram að hátt hlutfall Bandaríkjamanna er líklegt til að vera hlutfallslega fátækt einhvern tíma á ævinni. Einnig kemur fram að meiri hlutinn (56%) er að minnsta kosti eitt ár í hæstu tekjutíundinni og mikill meiri hluti (73%) í annari af tveim hæstu tekjutíundunum. Þessi greining staðfestir því hreyfanleika milli tekjutíunda.

Daly og Valletta (2006) skoða eðli þróunar tekjudreifingar á tímabilinu 1969-1998. Við fyrstu sín blasir við að tekjudreifing er miklu meiri í lok tímabilsins en við upphaf þess. Breytt aldursamsetning skýrir nánast alla þessa þróun. Þeir álykta að ef aldursamsetningin væri eins árið 1998 og hún var árið 1969 þá hefði dreifingin lítið breyst. Það sem gerist er að hlutfall miðaldra fólks á vinnumarkaði eykst. Fjölgun námsmanna og ellilífeyrisþega ásamt fjölgun miðaldra sérfræðinga eru afgerandi áhrifaþættir. Margir Bandaríkjamenn nútímans velja að vera tekjulágir námsmenn framan af ævinni, sérfræðingar á miðjum aldri og síðan rólegir ellilífeyrisþegar. Margir vilja hafa hlutina þannig.

Ójöfnuður þarf ekki að vera vandamál

Ójöfnuður þarf ekki að vera vandamál, en það er fátækt hins vegar. Hátt hlutfall fólks sem hefur framfæri sitt frá bóta- kerfum hefur lamandi áhrif á samfélagið. Viðtækt pólitískt verðlagseftirlit var við lýði á Íslandi meiri hluta síðustu aldar og því lauk ekki endanlega fyrir en í upp- hafi tíunda áratugarins. Allan þennan tíma störfuðu opinberar verðlagsnefndir við það að ákveða verð á flestum vörum,

framb. á bls. 4

svo sem matvælum, bensíni, flugmiðum og steypu. Nú eru einungis örfáar vörur, t.d. áfengi og lyf, undir opinberum verðlagsákvæðum. Ýmsir hagfræðingar, t.d. Sowell, eru sömu skoðunar varðandi stjórnvaldsaðgerðir til að breyta tekju-dreifingu og telja þær ekki skilvirkar í baráttu gegn fátækt. Staðreyndin er sú að þeir tekjuhæstu halda ekki þeim tekju-lægri niðri. Röng verðlagning hefur í för með sér sóun. Það á bæði við um vörur og þjónustu.

Árið 2016 var meðaltals eigið fé eignamestu tíundarinnar á Íslandi tæplega 100 milljónir króna (rúmlega 20.000 manns eiga 2.000 milljarða) og var eigið fé í fasteign meira en helmingur þeirrar fjárhæðar.

Árið 2016 var meðaltals eigið fé eignamestu tíundarinnar á Íslandi tæplega 100 milljónir króna (rúmlega 20.000 manns eiga 2.000 milljarða) og var eigið fé í fasteign meira en helmingur þeirrar fjárhæðar. Sumum kann að finnast það óréttlátt að tekjuhæsta tíundin, yfirleitt fólk á efri árum sem hefur verið duglegt og sparsamt alla ævi, skuli kannski eiga skuldlítið einbýlishús. Æviár í skuldlitum einbýlishúsum verða ekki mörg af náttúrulegum ástæðum og það er ekki mikil reisn yfir þeirri stjórnmalastefnu að hafa eignir af folki.

Hátekjuskattar á laun er fyrst og fremst skattur á sérfræðisþjónustu. Við búum við ofurskatt á áfengi því æskilegt er að takmarka notkun þess. Það er hins vegar ekkert vit í að draga úr notkun á sérfræðisþjónustu. Hagkvæm verkaskipting er undirstaða velmegunar. Menntun og reynsla eru auðæfi sem ber að verðleggja til samræmis við verðmætin sem þau skapa og skekkja ekki með opinberum afskiptum.

Það að nota prósentureikning (og Gini stuðla) í eignadreifingum er sérlega varasamt því að núllpunkturinn er óviss. Skuldir sumra eru eign annarra. Yngsta fólkíð skuldar námslán og hugsanlega húsnæðislán. Margir í þeim hópi eru með

eignastöðu nálægt núlli og jafnvel með neikvætt eigið fé. Skuldir eru eign lífeyris-sjóða og annars eldra fólks.

Lauslegur lestur á bandarískum skýrslum bendir til þess að greinilegur hreyfanleiki sé í tekjum yfir ævina. Virði eigna sveiflast að miklu leyti í öfugu hlutfalli við vexti. Þegar vextir lækka hækka eignir. Á tímasteiði vaxtalækkunar hækkar því höfuðstóll eigna án þess að handhafar eignanna hafi endilega meiri ráðstöfunartekjur. Sumir, t.d. Sowell og Tanner nota lýsingarorðið mikill um hreyfanleika tekna í Bandaríkjunum. Ef nota á þannig lýsingarorð er gott að hafa einhvers konar viðmiðun. Hugsanlega eru aðgengileg gögn þannig að hægt væri að bera hreyfanleika íslenskra launþega saman við hreyfanleika bandarískra launþega. Hliðstæðir kraftar eru í gangi í báðum löndum, ungir reynslulitlir eru lægra launaðir en þeir eldri. Sérfræðingar eru hærra launaðir en aðrir. Það væri glapræði að skattleggja sérfræðinga út af markaðnum eða til útlanda. Ætla má að þróun eigna sé rykjóttari á Íslandi en í Bandaríkjunum því að til viðbótar við óvissu um vexti skipta máli atriði eins og gjaldeyrishöft, sveiflur í gengi krónunnar, skyndisókn lífeyrissjóða inn á íbúðarlánamarkaðinn, o.s.frv.

Hér hefur verið vitnað í túlkunar á bandarískum gögnum. Uppruni ójafnaðar þar á sér rætur í atriðum sem flestir telja æskilegt. Tækifæri til náms eru almenn og heilbrigðiskerfið er þannig að margir ná háum aldri. Íslensk gögn virðast benda til þess að á Íslandi sé ójöfnuður mun minni en í Bandaríkjunum. Ljóst er að á Íslandi eru sömu kraftar að baki dreifingu tekna og eigna og í Bandaríkjunum. Hugsanlegt er að aukin velferð á Íslandi hafi í för með sér aukinn ójöfnuð. **V**

Heimildir

Daly, M. C. & Valletta, R. G. (2006). *Inequality and poverty in United States: The effects of rising dispersion of men's earnings and changing family behaviour*. *Economica*, 73, 75–98.

Deaton, A. (2013). *The Great Escape Health, Wealth, and the Origins of Inequality*. Princeton University Press.

Fjármálaráðuneyti, B. (2007). *Income mobility in the u.s. from 1996 to 2005. Report of the department of treasury*.

Fréttablaðið (2017). *Skattar á lág laun bafa hækkað mest*. Fréttablaðið, 4. október.

Rank, M. R. & Hirschl, T. A. (2015). *The likelihood of experiencing relative poverty over the life course*. *PLOS ONE*, 10(7), 1–11.

Sowell, T. (2000). *Perennial economic fallacies*. <http://www.jewishworldreview.com/cols/sowell020700.asp>

Tanner, M. (2016). *Five myths about economic inequality in America*. *Policy Analysis*, (797).

Netið og atvinnulífið

Ísland stendur framarlega þegar kemur að netnotkun og íslensk fyrirtæki nýta sér það vitaskuld, til allra mögulegra hluta. Það er enda orðið afar mikilvægt í daglegu lífi, og líklegt að aðgangur að því teljist til sjálfsagðra mannréttinda.

Hagstofa Íslands lætur fátt fram hjá sér fara og það gildir einnig um tæknimálin og samfélagsmiðlanotkun íslenskra fyrirtækja.

Nokkrar staðreyndir voru teknar saman um þetta og birtar á vef Hagstofu Íslands í vikunni.

Á þessu ári eru 82% fyrirtækja hér á landi með eigin vef. Þriðjungur þeirra býður upp á að vörur eða þjónusta sé pöntuð af vefnum, mismikið eftir atvinnugreinum, flest í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum (46%).

Greinilegt er að nokkur kraftur er í færslu á beinum viðskiptum yfir á netið, og má reikna með að það aukist enn frekar á næstunni.

Fjórðungur fyrirtækja tekur við pöntunum í gegnum vef eða smáforrit, flest í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum (35%). Þá nota tveir þriðju hlutar fyrirtækja samfélagsmiðla til að þróa ímynd sína eða markaðssetja vörur, að því er fram kemur í umfjöllun Hagstofunnar.

Um þriðjungur notar samfélagsmiðla til að ráða fólk til starfa, en það er nokkur fjölgun síðan árið 2013 þegar þetta hlutfall var 19%. Þetta er í takt við þróun mála erlendis en mörg fyrirtæki eru farin að reida sig nær alfaríð á tengingar í gegnum samfélagsmiðla til að nálgast fólk.

Rúmlega helmingur fyrirtækja notar samfélagsmiðla til að taka við ábendingum eða fyrirsprungnum og svara þeim. Það er einnig fjölgun frá árinu 2013 þegar hlutfallið var 30%.

Ritstjóri: Magnús Halldórsson
 Ábyrgðarmaður: Magnús Halldórsson
 Útgefandi: Kjarninn miðlar ehf.,
 Laugavegi 3, 101 Rvk.
 Sími: 551 0708. Netfang: visbending@kjarninn.is.
 Prentun: Kjarninn. Upplag: 700 eintök.
 Öll réttindi áskilin. © Ritíð má ekki afrita án leyfis útgefanda.